



Alþingi  
Erindi nr. Þ 136/1120  
komudagur 9.3.2009

9. mars 2009  
SI-50035

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík


Með bréfi dags. 4. mars 2009, sem barst í tölvupósti sama dag, óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn, 359. mál, niðurfelling viðurlaga.

Með frumvarpinu eru gerðar tillögur að breytingum á nokkrum lögum er varða fjármálamarkaðinn og lagt til að bætt verði við ákvæðum um niðurfellingu. Með niðurfellingu er átt við að viðurlög eru milduð eða felld niður að fullu þegar lögaðili aða einstaklingur kemur sjálfviljugur fram, játar brot gegn lögum og vinnur með eftirlitsaðila við rannsókn málsins. Reglum sem þessum hefur hingað til verið beitt með góðum árangri á sviði samkeppnisréttar og þær verið taldar mjög mikilvægar í því skyni að upplýsa um ólögmaett samráð. Á hinn bóginn hafa ekki fundist erlendis nein fordæmi fyrir slíkum niðurfellingarreglum á fjármálamarkaði.

Seðlabankinn gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Svein Harald Öygard  
seðlabankastjóri

  
Arnór Sighvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605